



Starfsreglur mótanefndar HSÍ

1. gr. Skipun

Mótanefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Mótanefnd skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir og skal formaður nefndarinnar koma úr stjórn HSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Nefndarmenn geta verið viðstaddir fundi með fjarfundabúnaði. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og sent til skrifstofu HSÍ eða í tölvupósti sem vísar erindinu til mótanefndar til afgreiðslu.

Mótanefnd er heimilt að taka ákvarðanir utan funda en í slíkum tilfellum skal liggja fyrir staðfesting meirihluta nefndarmanna í tölvupósti fyrir ákvörðun og skulu slíkar ákvarðanir færðar til bókar á næsta skipulagða fundi nefndarinnar.

3. gr. Hlutverk og verkefni

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Mótanefnd er heimilt að fela skrifstofu HSÍ að framkvæma þau verkefni sem henni er falið í reglum þessum og koma fram fyrir hennar hönd.

Helstu verkefni mótanefndar eru eftirfarandi:

- a. að annast og gefa út niðurröðun leikja í mótum á vegum HSÍ
- b. að skipuleggja úrslitaleiki og úrslitakeppnir á vegum HSÍ
- c. að útbúa verklagsreglur varðandi ákvörðun um frestun leikja og hvenær þeir skuli settir á að nýju.
- d. að afgreiða óskir félaga um breytingar á leikjum
- e. að afgreiða beiðnir um undanþágur skv. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót
- f. að gera tillögu til stjórnar um þátttökugjöld í mótum á vegum HSÍ
- g. að halda skrá um þátttöku félaga í mótum á vegum HSÍ
- h. að halda skrá um sameiginleg keppnislið félaga og samninga þar um
- i. að halda gagnagrunn um leiki á vegum HSÍ, úrslit þeirra og aðrar nauðsynlegar upplýsingar
- j. að annast eftirlit með framkvæmd leikja í mótum á vegum HSÍ



- k. að halda skrá yfir opin mót aðildarfélaga
- l. að veita aðildarfélögum ráðgjöf um mótamál
- m. að gera tillögur til stjórnar um breytingar á mótafyrirkomulagi þegar við á
- n. að gefa út handbók um framkvæmd móta og skal hún birt á heimasíðu HSÍ
- o. að fjalla um athugasemdir vegna framkvæmdar leikja og móta og eftir atvikum að ákvarða félögum viðurlög sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.

4. gr. Önnur störf

Mótanefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5. gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6. gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 3. september 2019